



Steinunn Ásmundsdóttir

Skríðum úr gamla hamnum

Ég minnst þess er stór og mikil slanga var lögð yfir axlir mínar og ég fann adrenalínið skjótast um kroppinn í sömu andrá og hugrekkið mætti óttanum. Það sem ég hélt vera slímugt og óhugnanlegt reyndist vera hlýr, þurr, niðþungur og þéttur vöðvi sem bylgjaðist rólega.

Þetta var reyndar afgömul kyrkislanga, þrælvön því að hanga um herðar túrhesta á framandi slóðum. Engu að síður reyndist mér þetta upplifun og ungri dóttur minni ekki síður, sem afréð einnig að takast á við heimatilbúna ógeðsímmynd kyrkislöngunnar. Ég hef stundum velt þessari stund fyrir mér, því hún raungerir á ákveðinn máta fangbrögð viðtekinn hugmynda og nýrra, þess að ögra sér og leita uppi nýja reynslu til að bæta við mennsku sína og þroska. Slangan er mér líka tákmynd endursköpunar, þar sem hún skríður hvað eftir annað á lífsleiðinni úr hamnum, skilur húðtætlur af sér eftir um víðan völl og þannig agnir af sjálfri sér og er stöðugt í endurnýjun. Hún hefur náttúrulegt leyfi og getu til að vera stöðugt ný þrátt fyrir að skilja eftir sig slóð.



Þetta skrifa ég vegna þess að mér hefur lengi verið hugleikið að samfélagið hefur tilhneigingu til að njörva einstaklinga í „skoðanaskúffur“ og geldur varhug við miklum breytingum. Menn sem skipta um skoðun eru jafnvel taldir vera að „svíkja“ lit, jafnvel málstað, séu vinglar og skoðanaleg viðrini. Ég hef orðið vör við þessi aðhaldsáhrif umverfis og samfélags, bæði á sjálfa mig og aðra. Og því varpa ég við þetta tækifæri fram þeirri hugsun minni að það að skipta um skoðun og

breytast á grundvelli haldbærra ástæðna sé gott og gilt, við eigum ekki að vera svona tortryggin gagnvart því og muna að svo lengi lærir sem lifir.

Breytt heimsmynd

Gott og vel. Hugmyndir og orð eru til alls fyrst. Þegar ég lít til okkar íslenska samfélags, sem auðvitað dregur ævinlega dóm af erlendum samfélögum í bland við þjóðlegar rætur, virðist mér sem upp á síðkastið hafi sem aldrei fyrr opnast leið í gegnum hina torsóttu, íslensku þvergirðingsfjallgarða þess viðtekna. Að nú vindi býsna hratt upp á sig orka frumhugmynda, alvöru nýsköpunar og ákveðinnar djörfungar í framtíðarhugsun. Þetta er meira tilfinning mín en beinhörð vitneskja, grunur um að samfélagshugsunin sem slík sé komin að fótum fram og fólk skynji að brúa verði hyldýpið til að fleyta okkur áfram. Þörf sé á róttæku endurmati viðtekinn dýpri gilda mannfélagsins. Náttúran mun auðvitað sjálf knýja okkur til endurmats ef við ætlum að lifa af sem tegund á hnettinum Jörð. Það virðist liggja í augum uppi. Vísindi og almenn hugsun beinast æ meir að þróun endurnýjanlegra orkugjafa og hvernig unnt sé að framfleyta mannkyni um leið og stefnt er stigu við náttúruveyðingu. Viðtekin hugsun um að hin vestrænu ríki stjórni ferðinni lætur smám saman undan síga og sú heimssýn að brátt ráði Kína og Indland því sem þau vilja ráða í veröldinni síast inn. Þetta telja margir þeir sem hafa hvað besta yfirsýn á heimsmálin blasa við. Og þarna skiptir aldeilis um viðmið í framtíðinni ef rétt er spáð um framvinduna. Ætti að duga til ögrandi endurmats á viðteknum hugmyndum um okkur sjálf í hinu stóra samhengi.

Veðjað á framtíðina

Svo ofangreint sé yfirfært á mín heimkynni, austurhluta Íslands, sýnist mér Austurland í þessum orðum skrifuðum vera að hrynja innan

frá vegna sundurlyndis og sérhagsmunastefnu ráðandi afla. Fjórðungurinn er þrátt fyrir sameiningartilburði að sundrast í brot sem hvert um sig má sín lítils gagnvart miðstýringu af suðvesturhorninu, alveg sama hvað líður útflutningstekjuhlutfalli, sjávarfangi eða væntingum um pólhafnir eða olíufund. Um leið og unga fólkið okkar knýr á allar hugsanlegar dyr fjórðungsins með framsæknar og djarfar hugmyndir og framtíðarsýn, erum við hin að berja hvert annað í hausinn með hrepparígshamri hátt uppi á þvergirðingsfjallgördunum. Enda liggja hér alltof margir í hálfgerðu andleysisroti.

Við erum ekki að einbeita okkur að yfirsýn, við leyfum okkur ekki að skipta um skoðun á mönnum og málefnum, eða það sem betra væri, að hefja okkur yfir gamlar krytur, við þorum ekki að horfast í augu við að nýjar hugmyndir kosta breytingar, breytingar kosta fórnir, fórnir kosta biðlund og biðlund krefst skilnings. Gömlu aðferðirnar duga illa og eru gengnar sér til húðar. Nú er tímabært að opna upp á gátt fyrir þeim sem takast munu á við verkefni framtíðarinnar, opna á nýjar raddir og hugmyndir, breytta vinkla, aðra



yfirsýn, ný verkfæri. Skriðum úr gamla hamnum og íhaldshlekkjunum, horfumst í augu við ótta okkar gagnvart ögrun og breytingar og stígum inn í nýjan tíma. Það er ekki lengur valkvætt heldur einboðið.